

Minnisblað

Málsnúmer:

Til: Bæjarráðs

Frá: SI

Dags.: 30. nóvember 2023

Efni: Starfshópur um úrgangsmál í Fjallabyggð

Inngangur

Þann 1. janúar 2023 tóku gildi breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, meðhöndlun úrgangs og úrvinnslugjalds. Til að innleiða breytta sorphirðu vegna gildistöku laganna skipaði bæjarstjórn Fjallabyggðar starfshóp sem fékk umboð frá bæjarstjórn 15. desember 2022 til að hefja innleiðingarferli í samræmi við nýja löggjöf um meðhöndlun úrgangs ásamt því að undirbúa væntanlegt útboð. Þessa vinnu hefur starfshópurinn innt af hendi og skilaði starfshópurinn greinargerð um fyrsta starfsár hópsins til bæjarstjórnar Fjallabyggðar sem formaður hópsins fór yfir á fundi bæjarstjórnar 9. 11. 2023. Fyrsta starfshópurinn skipuðu eftirfarandi aðilar: Arnar Þór stefánsson (formaður), Helgi Jóhannsson, Ármann V. Sigurðsson og Sigríður Ingvasdóttir.

Framlengt umboð starfshóps um úrgangsmál í Fjallabyggð



Á 810. fundi bæjarráðs var lagt til að framleggja umboð starfshóps um sorphirðu í Fjallabyggð.

Á fyrrnefndum fundi bæjarstjórnar var samþykkt með 7 atkvæðum að skipa nýjan starfshóp, hann skipa eftirtaldir aðilar: Arnar Þór Stefánsson (formaður), Helgi Jóhannsson, S. Guðrún Hauksdóttir, Sigríður Ingvasdóttir og Ármann Viðar Sigurðsson.

Starfshópurinn er settur á fót samkvæmt E-lið 46. gr. samþykktar um stjórn Fjallabyggðar og er skipaður til eins árs. Þeir kjörnu fulltrúar sem sæti eiga í starfshópnum fá greitt skv. 4. gr. samþykktar Fjallabyggðar um „Aðrar nefndir“

Viðfangsefni starfshópsins

Á 235. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 9. 11. 2023 var starfshópnum falið að skila mótuðum tillögum um fyrirkomulag og rekstur flokkunarstöðva og grenndarstöðva til framtíðar, ásamt því að fara yfir samþykkt um sorphirðu og gjaldskrár. Starfshópnum er gert að skila stöðuskýrslu til bæjarstjórnar fyrir páska.

Sigríður Ingvasdóttir, bæjarstjóri